

Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Alþingi
150 Reykjavík

Eyjafirði, 12. maí 2015

Efni: Umsögn Landssambands kúabænda um tillögu til þingsályktunar um eflingu náms í mjólkurfræði, 336. mál á 144. löggjafarþingi 2014-2015

Landssambandi kúabænda hefur borist beiðni frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um umsögn við framangreinda tillögu til þingsályktunar. Samtökin þakka fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um málið og leggja til að **tillagan verði samþykkt óbreytt**.

Landssamband kúabænda fagnar tillögu þessari og telur að með samþykkt hennar sé stigið mikilvægt skref í að viðhalda grundvallar verkþekkingu í úrvinnslu mjólkur hér á landi. Verkkunnátta er undirstaða öflugs mjólkuriðnaðar sem er lykillinn að góðri afkomu kúabænda. Jafnframt er mjólkurfræði gott og hagnýtt nám sem nýtist á margvíslegum sviðum samfélagsins.

F.h. Landssambands kúabænda,



Baldur Helgi Benjamínsson

Framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda